

Alþingi.  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2018

VARÐAR: Umsögn um frv. til laga um skóga og skógrækt,  
231. mál 149. löggjafarþings.

Landssamtök skógareigenda (LSE) eru regnhlífarsamtök sem sameina alla skógarbændur landsins í ein búgreinasamtök. Tilgangur samtakanna er að byggja upp atvinnugreininga skógrækt, skógarbændum til hagsbóta og að vera málsvari þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum. LSE eru samtök fimm aðildarféлага, Félag skógareigenda á Suðurlandi, Félag skógarbænda á Vesturlandi, Félag skógarbænda á Vestfjörðum, Félag skógarbænda á Norðurlandi og Félag skógarbænda á Austurlandi.

Almennt séð fagna LSE endurskoðun löggjafar á þessu sviði. LSE telur nýlegar og fyrirhugaðar lagabreytingar þó fela í sér aðför að réttindum og aðkomu skógarbænda að skógræktarmálum. Helstu athugasemdir LSE lúta að tveimur atriðum sem langmest áhersla er lögð á að bætt verði úr. Þau eru:

Athugasemd lýtur að:	Tillaga að úrlausn:
1. Lýðræðisleg aðkoma skógarbænda er felld niður.	Lagt til að lögfest verði aðkoma skógarbænda, annað hvort í aðdraganda ákvörðunartöku, eða í úrskurðarnefnd.
2. Kostnaðarþáttaka hins opinbera verður óskýrari og mögulega minni með vísun til 97% af <b>stofnkostnaði</b> .	Lagt til að skýrar verði orðað að ekki standi til að minnka kostnaðarþáttöku ríkisins og áfram verði notuð orðin <b>samþykktum kostnaði</b> .

Önnur atriði sem LSE telur ástæðu til að gera athugasemdir við eru:

Athugasemd lýtur að:	Tillaga að úrlausn:
3. Skortur á skuldbindingu til hagnýtrar skógræktar.	Lagt er til að skynsamleg og hagkvæm uppbygging verði tryggð með því að forgangsatriði verði að tryggja fulla gróðursetningu á 10 árum frá samningsgerð.
4. Hugtakið skógarbóndi ekki skilgreint í lögum.	Hugtakið verði skilgreint, m.a. í þeim tilgangi að auðvelda skógarbændum sem ekki hafa samning við skógræktarverkefni að fá skráð virðisaukaskattsnúmer vegna starfsemi sinna.
5. Ræktunaráætlanir, 6. gr. Hugtakið skógfræðingur.	LSE telur eðlilegra að nota hugtakið skógræktarráðgjafi en skógfræðingur.
6. Landsáætlun í skógrækt, 4. gr.	Skógarbændur telja eðlilegt að tryggja aðkomu þeirra með lögfestingu á fulltrúa í þeirri nefnd sem fjallað er um í 4. gr.

7. Landshlutaáætlun, 5. gr.	Brýnt er að jafnræði áhugasamra landeigenda um að hefja skógrækt á landi sínu sé tryggt.
8. Fellingarleyfi, 18. gr.	Íþyngjandi ákvæði er lúta að ákvörðun um hagnýtingu lands skerða eignarréttindi landeigenda. Eðlilegra er talið að um samningsbundið atriði sé að ræða, en ekki að sett séu einhliða ákvæði um ákvörðunarvald Skógræktar.
9. Varsla skóga, 20. gr.	Tryggja þarf að viðhald girðingar teljist til kostnaðar sem greiddur er af Skógræktinni. Eða lausn sem tryggir með sambærilegum hætti friðun skógræktarlands.
10. Þvingunarúrræði, 22. gr.	Ábending.
11. Um samningsbrot, 13. gr.	LSE sér ekki tilefni til að hafa í skógræktarlögum sérákvæði um vanefndir annars samningsaðila. Um riftun samninga gilda bæði skráðar og óskráðar reglur sem eðlilegt sé að gildi áfram um þessa samninga. Illskiljanlegt sé að þörf sé á sérstöku einhliða ákvæði til handa Skógræktinni. LSE telur það lágmarkskröfu að sambærileg réttarvernd yrði tryggð skógarbændum vegna vanefnda Skógræktarinnar, kæmi til þeirra.

## Rökstuðningur

### I. Nytjaskógrækt á Íslandi, samstarf hins opinbera og landeigenda.

Með lögum 32/1991 um Héraðsskóga hófst nýtt átak – á eldri grunni – um öfluga ræktun nytjaskóga, fyrst á Fljótsdalshéraði en síðar víðar á landinu, sbr. lög 93/1997 um Suðurlandsskóga og lög 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Þar var félögum skógarbænda tryggt eitt sæti (af þremur eða fjórum) í stjórn viðkomandi verkefnis, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga 32/1991, 7. gr. laga 93/1997 og 8. gr. laga 56/1999. Skógrækt ríkisins skipaði einnig einn mann í þessar stjórnir. Þetta var eitt þeirra atriða sem skiptu miklu máli um samning þann sem skógarbændur gerðu á sínum tíma um að leggja land sitt undir þessa starfsemi auk þess sem margir þeirra hafa einnig fjárfest miklum tíma og peningum í þessa starfsemi. Verkefnin grundvölluðust á því að landeigendur væru tilbúnir til að leggja land sitt undir þessa starfsemi til áratuga. Það gerðu þeir m.a. gegn loforði um að þeim yrði sameiginlega tryggt staða til að koma að ákvarðanatöku með því að eiga fulltrúa í stjórn. Þetta atriði er skýrlega dregið fram í umsögn ríkisendurskoðunar frá 4. febrúar 1991 um frv. til laga um Héraðsskóga, þar sem segir m.a. í tilvísun til almennra athugasemda frumvarpsins:

*Tilgangur sérstakrar lagasetningar um Héraðsskóga er að marka stefnu og heildaráætlun um þetta átaksverkefni í skógrækt. Um er að ræða verkefni sem yrði byggt á langtímasamningum fjölmargra einstaklinga við ríkisvaldið og því nauðsynlegt að umboð þeirra, sem frá málum ganga fyrir hönd ríkisins, sé sem skýrast og einstakir bændur hafi sem öruggastan grunn að byggja á er þeir taka ákvarðanir sem binda nýtingu jarða þeirra í framtíðinni.*

Í svörum Landbúnaðarráðuneytisins frá 24. apríl 1990, um það hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um Héraðsskóga segir (umsagnarskjal með frv. sem varð að lögum um Héraðsskógum): *Loks skal á það bent að hér er um að ræða mjög stórt verkefni á mælikvarða íslenskrar skógræktar sem markar tímamót í skógrækt á Íslandi og felur í sér stefnumörkun og skuldbindingar til langs tíma.*

Í sama bréfi er varpað fram þeirri spurningu, af hverju verkefnið hafi ekki verið látið heyrast undir Skógrækt ríkisins. Svar ráðuneytisins var svofellt:

*Það var talið heppilegra, að fulltrúar nokkurra aðila fjölluðu um þetta sérstaka “verkefni” og stýrðu því. Þessir aðilar eru: Skógrækt ríkisins, landbúnaðarráðuneytið, Byggðastofnun, Búnaðarsamband Austurlands og Félag skógarbænda á Fljótsdalshéraði.*

Með lögum 60/2016 um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar (sameiningar stofnana) voru landshlutaverkefnin lögð niður og sameinuð Skógrækt ríkisins í nýja stofnun, Skógræktina. Þar var lögfest að í stað þess að Skógrækt ríkisins og skógarbændur hefðu sinn hvorn stjórnarmenn í þessum verkefnum, þá færi Skógræktin með allt vald, en bæri að “hafa samráð” varðandi áherslur og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og “leita umsagnar” við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks kostnaðar.

Þessi hugmynd sætti mikilli gagnrýni, sbr. umsagnir Félags skógarbænda á Austurlandi, dags. 15. maí 2016, Félags skógareigenda á Suðurlandi, dags. 17. maí 2016 og Landssamtakenda skógareigenda, dags. 11. maí 2016, sem Bændasamtökin gerðu einnig að sinni. Þá bentu skógarbændurnir Þorsteinn Pétursson og Guðmundur Aðalsteinsson á að skógarbændur hefðu þegið að störf þeirra og hagsmunir hefðu notið sambærilegrar velvildar og störf starfsmanna þeirra stofnana sem tengdust málinu, enda ljóst að aðstæður eru að miklu leyti sambærilegar í sumum tilvikum. Loks er rétt að fjalla um sjónarmið Skógræktar ríkisins og framkvæmdastjóra landshlutaverkefnanna (sem á þessum tíma voru orðin undirmenn skógræktarstjóra), í umsögn

þeirra dags. 18. maí 2016. Þar er í fyrsta lagi lögð rík áhersla á að í lagatextanum sé rækilega tryggð staða starfsmanna þeirra stofnana/verkefna sem sameinuð voru. Síðan er fjallað um mikilvægi samráðs við skógareigendur. Þar segir m.a.:

*Við undirrituð gerum okkur fulla grein fyrir mikilvægi þessa samráðs fyrir skógareigendur og fyrir framþróun níverandi landshlutaverkefna í skógrækt innan nýrrar stofnunar. Ekki er ástæða til að formgera það samráð frekar í þessum lagatexta, en hugsanlega mætti færa ákvæði þess efnis í ný skógræktarlög eða reglugerð seinna þegar reynsla er komin á samráðið.*

## **II. Samstarf skógarbænda og stjórnvalda í nágrannalöndum okkar.**

LSE telur rétt að vísa til þess að í nágrannalöndum okkar er formlegu samráði eða samstarfi milli stjórnvalda og skógareigenda gert nokkuð hátt undir höfði. Þannig segir í norsku Skogbruks-lögunum frá 2005, 18. gr. að ráðuneytið geti kveðið á um að skógareigendur og samtök þeirra eigi rétt á samstarfi og samráði um málefni þeirra.

Í Danmörku gilda lög sem birt voru í desember 2015, sjá LBK 1577/2015. Þar er í 47. gr. laganna fjallað um „*Skovrådet*“ og þar segir í 2. mgr.: *Formaður er tilnefndur af ráðherra. Ráðið skal að öðru leyti skipað aðilum sem eru skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu frá stjórnvöldum, samtökum og stofnunum með hagsmuni á gildissviði laganna.*

## **III. Rökstuðningur um hvert áhersluatriði**

### **1) Lýðræðisleg aðkoma skógarbænda verði tryggð.**

LSE telur að með 14. gr. frumvarpsins sé verið að festa í sessi þá tilhögun sem komst á – tímabundið – við sameiningu skógræktarverkefna við Skógrækt ríkisins með lögum 60/2016. Fyrir þá breytingu sem lögfest var árið 2016 höfðu fimm skógarbændur beina aðkomu að málefnum landshlutabundinna skógræktarverkefna með setu í stjórn þeirra. Skógarbændur mótmæltu þessari breytingu harðlega, sbr. hér ofar og Skógrækt ríkisins og framkvæmdastjórar landshlutaverkefnanna töldu rétt að metið yrði við setningu nýrra skógræktarlaga hvernig formgera ætti samráðið.<sup>1</sup>

LSE telur engin rök hafa verið færð fyrir þessari breytingu. Þvert á móti, þá hafi þátttaka skógarbænda í ákvörðunartöku reynst afar farsæl tilhögun sem eðlilegt sé að viðhalda.

LSE telur að þá hafi verið óeðlilegt og ósanngjarnt að taka ekki jafnmikið tillit til þeirra skógarbænda sem eiga allt sitt undir starfsemi þessari, eins og gert var gagnvart þeim starfsmönnum sem hjá stofnunum starfa. Eðlilegt hefði því verið, að tryggja formgerð samráðsins í upphafi og frekar að breyta lagatextanum eftir því sem reynslan gæfi tilefni til, frekar en að byrja á því að svipta skógarbændur lagalegri stöðu sinni til áhrifa og þátttöku í ákvarðanatöku.

Í öðru lagi, þá telur LSE tímabært að „færa ákvæði þess [um samráðið] efnis í ný skógræktarlög.“ eins og skógræktarstjóri og framkvæmdarstjórar verkefnanna lögðu til á sínum tíma. Nú er ákveðin reynsla komin á þetta samstarf og tímabært að nýta tækifærið við setningu nýrra skógræktarlaga til að formgera þetta enn frekar í lagatextanum.

LSE telur mjög alvarlegt – að skógareigendur hafi verið sviptir allri formlegri aðild að ákvörðunartöku. Engin skylda hvílir í dag á Skógræktinni að taka tillit til skoðunar skógarbænda. Um mikið hagsmunamál fyrir skógarbændur getur verið að ræða. Telur LSE að þeir hafi þannig verið sviptir mikilvægum hluta þess ávinnings sem kom í þeirra hlut við gerð skógræktarsamninga, án nokkurra bóta og án þess að ríkið hafi misst nokkuð af sínum ávinningi. Því sé verið að taka af þeim ákveðna tegund samningshagsmuna (verðmæta), bótalaust, og beinlínis afhenda ríkisstofnun þá.

---

<sup>1</sup> Sjá ofangreinda umsögn þeirra dags. 18. maí 2016.

LSE telur afar mikilvægt að skógarbændum verði gert kleift að hafa formlega aðkomu að ákvörðunum um skiptingu fjármagns sem ætlað er til bændaskógræktar, þar á meðal í hvaða verkþætti fjármagnið eigi að fara; um taxtamál og önnur brýn hagsmunamál.

Með vísan til framanritaðs tekur LSE undir sjónarmið sem fram komu í umsögn félags Skógarbænda á Austurlandi þegar frumvarpið var síðast til umræðu, að önnur tveggja leiða verði valin til að tryggja ofangreinda hagsmuni:

- a) Að áhrif verði tryggð í úrskurðarnefnd sem hafi vald til að endurskoða og breyta / taka nýjar ákvarðanir um ákveðin atriði.
- b) Að áhrifin verði tryggð í ráðgjafarnefnd, sem komi að málum á frumstigi og vinni tillögu sem Skógræktin hafi síðan lokaorð um.

Skal nú í stuttu máli vikið að þessum leiðum.

Um a) Úrskurðarnefnd.

Yrði leið sem þessi valin, þá gæti lagatæknileg útfærsla verið í þessa veru:

Að 14. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

*Skógræktin skal hafa samstarf við félög skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykkt stöfnkostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. Þá skal Skógræktin gefa félögum skógarbænda á viðkomandi svæði, eða landssamtökum þeirra, kost á umsögn um atriði sem varða brýna hagsmuni þeirra, s.s. ákvarðanir um taxtamál og önnur brýn hagsmunamál.*

*Fari Skógræktin ekki að sjónarmiðum Landssamtaka skógareigenda, geta landssamtökin krafist þess að ráðherra skipi úrskurðarnefnd sem í sitja þrjú menn, einn tilnefndur af Landssamtökum skógareigenda, einn af Skógræktinni og formaður af ráðherra. Skal nefndinni heimilt að breyta eða fella niður ákvörðun Skógræktarinnar eða taka nýja ákvörðun.*

Um b) Ráðgjafarnefnd.

Þessi leið á sögulega fyrirmynd í t.d. 30. gr. laga 3/1955 um skógrækt, eftir breytingu með lögum 76/1984. Þar var svofellt ákvæði:

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði, sem skógræktaráætlunin tekur til, skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

Með vísan til þessa gæti 14. gr. frumvarpsins litið svona út, verði þessi leið valin:

*Skógræktin skal hafa samstarf við félög skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykkt stöfnkostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr.*

*Nefnd þriggja manna skal vera Skógræktinni til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd framkvæmdaáætlunar, ræktunaráætlunar og önnur atriði er tengjast hagsmunum skógarbænda, s.s. ákvarðanir um taxtamál og önnur brýn hagsmunamál. Skal nefndin vinna tillögu til Skógræktarinnar á hverju ári áður en ákvarðanir eru teknar um ofangreind atriði.*

*Landssamtök skógareigenda skulu tilnefna einn fulltrúa í nefndina, Skógræktin einn og ráðherra tilnefnir einn fulltrúa sem skal vera formaður nefndarinnar.*

## 2) Hvað telst til stofnkostnaðar

Lagt til að skýrar verði orðað að ekki standi til að minnka kostnaðarþátttöku ríkisins og áfram verði notuð orðin **samþykktum kostnaði**.

## 3) Skuldbinding til hagnýtrar skógræktar

Lagt er til að skynsamleg og hagkvæm uppbygging verði tryggð með því að forgangsatriði verði að tryggja fulla gróðursetningu á 10 árum frá samningsgerð.

Það er tímafrekt að rækta skóg. Við undirritun samning er lagt upp með að landeigendur haldi landi sínu fjárlausu, séu búíð að gróðursetja í hana. Oftast er lagt upp með að full-gróðursetja land skógræktarsamninga á um 10 árum. Það hefur sjaldnast gengið eftir, enda háð framlagi frá ríkinu til skógræktarinnar hverju sinni. Þegar þessi orð eru skrifuð má merkja aukinn áhuga á skógrækt meðal landeigenda hvarvetna. Ef margar jarðir eru um hitina og ef fjármagn verður ekki aukið töluvert meir en þegar hefur verið gert má ekki búast við að fyrrgreind viðmið (10 ár) gangi nokkur tíman upp, og alls ekki á stærri svæðum. Vissulega geta skógarbændur sjálfir útvegað plöntur sjálfir fyrir sína jörð, á sinn eigin kostnað, til að halda uppi framkvæmdarhraða á jörðinni. Það er þó á færi fæstra bænda að geta það, hvað þá ár eftir ár. Auk þess er ekki lagt upp með aðkomu að því tagi. Skógarbændur taka frá land til að rækta skóg, friða það fyrir beit og þeim er ætlað að halda því fjárlausu á meðan samningur er í gildi. Það ætti því að vera yfirlýst stefna Skógræktarinnar og ríkisins, en ekki eingöngu vinaleg tilmæli, að lágmarkstími til að full-gróðursetja í land innan samnings sé 10 ár. Þannig nýtist landið best, skóгурinn dafnar best, hagkvæmi er falin í stærðinni og jafnvel má nýta má landið samhliða fyrir beit eða aðra álíka starfssemi fyrr en nú gengur og gerist. Þó íslensk grund sé næringarlítill vaxa þó óæskilegar gras og runnategundir sem auka á samkeppni við gróðursettar tegundir og torveldi auk þess aðgengi. Tilgangur nytjaskógræktar fellst aðallega í að nota öflugar trjátegundir til vinnu- og verðmætasköpunar svo ekki sé minnst á umtalsvert meiri kolefnisbindingu en fellst í innlendum efniviði. Það ætti því að vera lögfest að frá fyrsta degi beitarfriðunar, eftir undirritun samnings, skuli full-gróðursetja samningsbundið land á 10 árum og helst minna. Þessi tillaga fellur vel að 15. grein sem fjallar um árangursmat.

## 4) Hugtakanotkun: skógarbóndi

LSE telur að skilgreina eigi hugtakið skógarbóndi. Almennt sé það til bóta, en ástæða þessarar tillögu er sú staðreynd að skattyfirvöld hafa ekki samþykkt endurgreiðslu virðisaukaskatts hjá aðilum sem ekki hafa samning við Skógræktina um skógrækt. Þó slík tilhögun sé algengust, þá sé það brot á jafnræðisreglu að aðili sem ekki njóti neinnar aðkomu ríkisins að skógrækt sinni, fái ekki sömu afgreiðslu hjá skattyfirvöldum.

## 5) Hugtakið „skógfræðingur“

Í grein 6 í frumvarpinu er hugtakið **skógfræðingur** notað. LSE telur skynsamlegra að þarna sé opnað á aðkomu annarra en eingöngu menntaðra skógfræðinga og hugtakið **skógræktarráðgjafi** frekar notað.

## 6) Landsáætlun í skógrækt

Ráðherra er ætlað að skipa 5 manna nefnd sem fer yfir áherslu í skógrækt. Skógræktarstjóri veitir nefndinni forystu og einn fulltrúi frá sambandi Íslenskra sveitafélaga. Tilgangur

nefndarinnar er settur upp í 11 liðum og eiga allir liðirnir erindi við skógarbændur. Því væri rétt að ráðherra skipaði einn fulltrúa frá LSE í þessa nefnd og að slík aðkoma yrði lögfest.

#### 7) Landshlutaáætlun

Það er hagur alls mannkyns að sem mest sé af skógi á jörðinni. Á mörgum bújörðum á Íslandi, er jarðvegur rýr, ef þá nokkur. Skógrækt er öflugt verkfæri til að bæta jarðveg og fjölmargt fleira. Í Parsísarsamkroumlaginu, sem ef yfirgripsmikið og nær til margra þjóða heimsins, er greint á um að grípa til aðgerða vegna skógareyðinga. Það á vel við um Ísland líka. Það ætti því að vera fagnaðarefni ef landeigendur vilja hefja einhverskonar skógrækt á sínum jörðum, hvort sem er að fullu eða að hluta. Landshlutaáætlun er verkfæri sem getur verið ákaflega gagnlegt, en á sama tíma verður að tryggja að áhugasömum landeigendum, sem vilja hefja skógrækt, sé ekki mismunað.

#### 8) Fellingarleyfi

LSE lýsir yfir áhyggjum af því að ákvæði um fellingarleyfi geti reynst mjög íþyngjandi fyrir landeigendur og feli í sér of mikla skerðingu á inntaki eignarréttar þeirra. Því sé eðlilegra að um samningsbundið atriði sé að ræða, en ekki að sett séu einhliða ákvæði um ákvörðunarvald Skógræktar.

#### 9) Varsla skóga

Tryggja þarf að viðhald girðingar, eða lausn sem tryggir með sambærilegum hætti friðun skógræktarlands, teljist til kostnaðar sem greiddur er af Skógræktinni.

#### 10) Þvingunarúrræði

Í 14. grein norskra skógræktarlaga eru skógareigendur skyldaðir til að endurnýja skóga sem eru rjóðurfelldir. Þeim er skylt að leggja til hliðar fjárhæð til að tryggja hringrás virðiskeeðjunnar og skógarins. Við endurnýjun þarf að huga að jarðvinnslu og gróðursetningu á viðeigandi trjátegundum, fer eftir marmiðum og/eða mögulegri vá í skóginum (vá, getur verið ytri aðstæður á borð við skordýr, sýkingar, vatnafar, loftslagsbreytingar ...). Grunnskilaboðin í bæði norsku lögnum og íslenska frumvarpinu eru þau sömu, þ.e. að ekki megi ganga á skóga, munurinn er fólgin í nálgun við orðalag, þ.e. tilmæli eða þvingun.

#### 11) Samningsbrot.

Ákvæði samhljóða 13. gr. frumvarpsins er að finna í 8. gr. laga 95/2006 um skógrækt á lögbýlum. LSE leggur til að ákvæði 13. gr. verði fellt úr frumvarpinu. Ekkert tilefni sé til að hafa einhliða ákvæði í lögum til að tryggja hagsmuni annars samningsaðilans.

Aðilar geti samið um þessi atriði ef þeir vilja, en það sé ekki í anda réttarríkis að setja í lög ströng riftunarákvæði þar sem hallar algerlega á annan aðilann, en vanefndir Skógræktar, ef einhverjar yrðu, hafi minni afleiðingar.

### IV. Lokaorð

Landssamtök skógareigenda fagna þeirri áherslu sem nú er lögð á uppbyggingu skóga á Íslandi. Skógareigendur hafa um langt skeið lagt eignir sínar undir slíka uppbyggingu en viljrði stjórnvalda um uppbyggingarhraða hafa alls ekki gengið eftir. Sem hefur leitt til þess að arður eigna skógareigenda og arðsemi rekstrar þeirra, hefur verið ófullnægjandi og ósjálfbær. Uppbygging í samræmi við áherslur stjórnvalda verður þá aðeins tryggð að samstaða ríki um hana. Í öllu falli ættu allir að vera sammála um að betri árangur náist ef samstaða og samráð er til staðar. Löggjöf ætti að endurspeglar slíkt. Það skýtur því skökku við, að löggjöf gangi

beinlínis út á það að minnka samráð og áhrif hins mikilvæga hóps sem skógareigendur eru í þessari starfsemi.

LSE óskar eftir að fá að fylgja þessari umsögn eftir á fundi nefndarinnar þegar málið verður tekið þar til umfjöllunar.

Virðingarfyllt,



---

Hlynur Gauti Sigurðsson frkvstj. LSE